

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Búðarstígur 23, Eyrarbakka, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023, tillögu að deiliskipulagi á Búðarstíg 23, Eyrarbakka.

Deiliskipulagstillagan tekur til lóðarinnar Búðarstígs 23 (L165905) á Eyrarbakka. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðina, sem er um 6.163,5 m² að stærð. Á lóðinni eru fyrir 1.559,0 m² húsnæðis. Lóðin er á skilgreindu miðsvæði M9 skv. aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, og samkvæmt því gætu rúmast allt að 3.700 m², miðað við nýtingarhlutfallið 0,6. Skilgreindur er nýr 517 m² byggingarreitur B1, þar sem áætlað er að byggja tveggja hæða hús með risi. Hámarksænishæð er allt að 10,0 m. Hámarksveggshæð er allt að 9,5 m. Viðbygging mun taka mið af eldri húsum á lóðinni hvað varðar form, efnis- og litaval. Hlaðinn sjóvarnargarður er innan lóðar og er hann líklega frá 19. öld og hefur gegnt mikilvægu hlutverki á Eyrarbakka í gegnum tíðina.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 12. september 2023.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. september 2023